



# **NPA miðstöðin svf.**

## Ársreikningur 2021

NPA miðstöðin svf.  
Urðarhvarf 8  
203 Kópavogur  
Kt. 660710-0270

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun endurskoðanda.....	3-4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar.....	8-12

# Skýrsla stjórnar

---

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur og markmið félagsins er að styðja fatlað fólk við að útvega og skipuleggja persónulega aðstoð. Starfsemin byggir á hugmyndafræði um Sjálfstætt líf (Independent Living) og uppfyllir skilyrði til aðildar að Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL, European Network on Independent Living).

NPA miðstöðin er samvinnufélag fatlaðs fólks og á sér fyrirmyndir á Norðurlöndunum, þar sem fatlað fólk á og rekur sambærileg félög i tengdum við sína notendastýrðu persónulegu aðstoð.

NPA miðstöðin hefur það að leiðarljósi í sínu starfi að valdefla fatlað fólk til sjálfstæðis í eigin lífi og berjast gegn hindrunum. Félagið er í grunninn félagsskapur hóps af fötluðum einstaklingum með ólíkar þjónustubarfir sem hefur valið að standa sameiginlega að vandaðri umsýslu með NPA samningum sínum og vinna fyrir sameiginlegri framtíðarsýn.

Notendastýrð persónuleg aðstoð er þjónusta sem skipulögð er af notandanum og miðar að því að hann eigi kost á að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á:

- Að fatlað fólk hafi fulla stjórn á allri aðstoð sem það telur sig þurfa, m.a. með því að ákveða hver, hvar, hvernig og hvenær aðstoðin er veitt.
- Að fatlað fólk njóti jafnréttis og taki þátt í samfélaginu.

Félagið er rekið án ágóðasjónarmiða og einu tekjur félagsins koma í formi framlags frá sveitarfélögum til umsýslu samkvæmt NPA samningum eða styrkja.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður 20,6 millj. kr. af rekstri félagsins á árinu 2021 í samanburði við hagnað að fjárhæð 4,0 millj. kr. árið áður. Eignir félagsins í árslok voru 270,1 millj. kr. og námu skuldir félagsins 194,7 millj. kr. Eigið fé félagsins var jákvætt um 75,4 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Stofnfé félagsins nam í árslok 570 þús. kr.

Í árslok 2021 störfuðu 252 (2020: 183) starfsmenn hjá félaginu í 147,54 (2020: 120,24) stöðugildum, þar af 139,44 (2020: 114,04) vegna aðstoðarfólks og 8,10 (2020: 6,20) vegna starfsfólks skrifstofunnar. Í stjórn félagsins eru fimm aðalmenn og þar af eru þrjár konur.

Inneign starfsmanna NPA miðstöðvarinnar svf. vegna orlofs frá 1.maí nam um áramót 4,68 millj. kr.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar svf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27.maí 2022

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson  
**Stjórnarformaður**

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Salóme Mist Kristjánsdóttir

Jóna Elísabet Ottesen

Hallgrímur Eymundsson

**Framkvæmdastjóri**  
Hjörtur Örn Eysteinnsson

# Áritun óháðra endurskoðanda

---

Til stjórnar og hagsmunaaðila NPA miðstöðin svf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning NPA miðstöðin svf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð NPA miðstöðin svf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi NPA miðstöðin svf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun endurskoðanda framhald

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 28.maí 2022

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seld þjónusta og aðrar tekjur.....	3	1.442.969.971	1.086.198.541
		<u>1.442.969.971</u>	<u>1.086.198.541</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	5	1.374.322.559	1.029.194.477
Annar starfsmannakostnaður.....	5	948.012	716.069
Aðkeypt þjónusta.....	6	1.046.019	173.943
Annar rekstrarkostnaður.....	7	46.430.848	52.089.041
		<u>1.422.747.438</u>	<u>1.082.173.530</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		20.222.533	4.025.011
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	8		
Vaxtatekjur og verðbætur.....		462.146	496.442
Vaxtagjöld og verðbætur.....		(4.565)	(400.141)
Fjármagnstekjuskattur.....		<u>(101.670)</u>	<u>(109.219)</u>
		355.911	(12.918)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>20.578.444</u></u>	<u><u>4.012.093</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur.....	9	7.046.060	6.904.070
Handbært fé.....	10	263.016.709	204.617.265
		<u>270.062.769</u>	<u>211.521.335</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>270.062.769</u></u>	<u><u>211.521.335</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé.....	11	570.000	570.000
Óráðstafað eigið fé 01.01.....		54.230.393	50.218.300
Hagnaður (-tap) ársins.....		20.578.444	4.012.093
		<u>75.378.837</u>	<u>54.800.393</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....	12	2.183.252	47.123.517
Ógreitt vegna félagsmanna.....	13	129.205.135	56.927.196
Aðrar skammtímaskuldir.....	14	63.295.545	52.670.229
		<u>194.683.932</u>	<u>156.720.942</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>194.683.932</u></u>	<u><u>156.720.942</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>270.062.769</u></u>	<u><u>211.521.335</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):		
Hagnaður ársins:.....	20.578.444	4.012.093
	<u>20.578.444</u>	<u>4.012.093</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Skammtímakröfur, lækkun/(hækkun).....	(141.990)	43.190.426
Skammtímaskuldir, hækkun/(lækkun).....	37.962.990	(17.536.886)
	<u>37.821.000</u>	<u>25.653.540</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>58.399.444</u>	<u>29.665.633</u>
Handbært fé í ársbyrjun.....	204.617.265	174.951.632
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u><u>263.016.709</u></u>	<u><u>204.617.265</u></u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1994 um samvinnufélög.

Tilgangur og markmið félagsins er að styðja fatlað fólk við að útvega og skipuleggja persónulega aðstoð. Starfsemin byggir á hugmyndafræði um Sjálfstætt líf (Independent Living) og uppfyllir skilyrði til aðildar að Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL, European Network on Independent Living).

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur NPA miðstöðin svf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi. Tekjuraf sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst yfir til kaupanda.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu. Vaxtatekjur og gengismunur skammtímaverðbréfaeignar er færður á ávinnslutímabili óháð innlausn.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Skýringar

### 3. Seld þjónusta og aðrar tekjur

	2021	2020
Umsýslugjald.....	155.988.274	115.941.409
Innheimta vegna greidds launakostnaðar aðstoðarfólks félagsmanna.....	1.286.924.679	970.257.132
Tekjur vegna kennslu.....	57.018	0
<b>Seld þjónusta og aðrar tekjur samtals</b>	<b>1.442.969.971</b>	<b>1.086.198.541</b>
	2021	2020
Fjöldi umsýslusamninga í árslok.....	54	46

### 4. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður á árinu námu alls 1.374.322.559 kr. Þar af voru laun og launatengd gjöld vegna rekstrar NPA-miðstöðvarinnar 90.276.241 kr.

	2021	2020
Fjöldi starfsmanna vegna reksturs NPA miðstöðvarinnar svf. í árslok.....	9,0	8,0
Starfsmannafjöldi aðstoðarfólks félagsmanna í árslok.....	243,0	175,0
<b>Starfsmannafjöldi samtals</b>	<b>252,0</b>	<b>183,0</b>
	2021	2020
Fjöldi stöðugilda vegna rekstur NPA miðstöðvarinnar svf. í árslok.....	8,10	6,20
Fjöldi stöðugilda aðstoðarfólks félagsmanna í árslok.....	139,44	114,04
<b>Stöðugildi samtals</b>	<b>147,54</b>	<b>120,24</b>

### 5. Laun og launatengd gjöld

	2021	2020
Laun vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	68.174.025	46.157.613
Stjórnarlaun .....	1.075.000	750.000
Bifreiðastyrkur vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	440.049	144.493
Fjarskiptakostnaður vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	705.000	335.000
Dagpeningar vegna ferðalaga vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	79.860	0
Tryggingagjald vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	4.847.864	3.389.034
Lífeyrissjóðsmótframlag vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	8.999.321	6.045.546
Sjóðagjöld - mótframlög vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	1.275.556	856.911
Endurgreidd læknisvottorð vegna rekstrar NPA miðstöðvarinnar.....	2.300	2.050
Áunnið orlof vegna starfsmanna NPA miðstöðvarinnar.....	4.677.266	0
<b>Samtals laun og launatengd gjöld starfsmanna vegna reksturs félagsins</b>	<b>90.276.241</b>	<b>57.680.647</b>
Laun aðstoðarfólks félagsmanna.....	1.065.115.981	803.570.196
Bifreiðastyrkur aðstoðarfólks félagsmanna.....	2.114.543	2.954.707
Dagpeningar vegna ferða aðstoðarfólks NPA miðstöðvarinnar.....	25.200	206.710
Tryggingagjald vegna aðstoðarfólks NPA miðstöðvarinnar.....	72.736.642	57.223.724
Lífeyrissjóðsmótframlag vegna aðstoðarfólks NPA miðstöðvarinnar.....	126.938.237	94.375.912
Sjóðagjöld - mótframlög vegna aðstoðarfólks NPA miðstöðvarinnar.....	17.102.295	13.163.563
Endurgreidd læknisvottorð vegna aðstoðarfólks félagsmanna.....	13.420	19.018
<b>Samtals laun og launatengd gjöld aðstoðarfólks félagsmanna</b>	<b>1.284.046.318</b>	<b>971.513.830</b>
<b>Laun og launatengd gjöld samtals</b>	<b>1.374.322.559</b>	<b>1.029.194.477</b>

#### Tryggingar og annar starfsmannakostnaður:

	2021	2020
Slysatrygging aðstoðarfólks og starfsfólks skrifstofu.....	89.233	315.954
Endurmenntun og námskeið aðstoðarfólks og félagsmanna.....	6.900	68.000
Starfsmannakostn. skrifstofu, árshátíð, jólagjafir og fl. ....	851.879	332.115
<b>Tryggingar og annar starfsmannakostnaður samtals</b>	<b>948.012</b>	<b>716.069</b>

## Skýringar

	2021	2020
<b>6. Aðkeypt þjónusta</b>		
Aðkeypt þjónusta túlkun og fleira.....	846.019	173.943
Aðkeypt þjónusta v/félagsmanna.....	200.000	0
<b>Aðkeypt þjónusta samtals</b>	<b>1.046.019</b>	<b>173.943</b>
<b>7. Annar rekstrarkostnaður</b>		
<b>Rekstur húsnæðis:</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Húsaleiga.....	18.180.682	11.308.404
Rekstur sameignar og þrif húsnæðis.....	2.940.759	1.945.600
Rafmagn.....	119.487	96.530
Viðhald og endurbætur húsnæðis.....	6.007.724	15.712.738
Öryggisgæsla.....	180.001	180.171
Hreinlætisvörur, þvottur og hjálpartæki.....	882.542	240.026
<b>Rekstur húsnæðis samtals</b>	<b>28.311.195</b>	<b>29.483.469</b>
<b>Rekstur áhalda og tækja</b>		
Viðhald og rekstur áhalda og tækja.....	62.308	89.791
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir.....	3.992.769	5.148.395
Gjaldfærður hugbúnaður.....	0	5.079.770
Gjaldfærð tæki og tölvubúnaður.....	3.391.442	1.874.722
<b>Rekstur áhalda og tækja samtals</b>	<b>7.446.519</b>	<b>12.192.678</b>
<b>Aðkeyptur akstur</b>		
Aðkeyptur akstur sendibifreiða.....	19.200	181.428
Aðkeyptur akstur leigibíla.....	17.595	4.067
<b>Aðkeyptur akstur samtals</b>	<b>36.795</b>	<b>185.495</b>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Internet og sími.....	1.472.510	453.724
Burðargjöld.....	6.765	34.072
Pappír, prentun og ritföng.....	244.080	992.192
Skrifstofuáhöld.....	1.495	0
Innlendar bækur blöð og tímarit.....	0	23.800
Rekstur tölvukerfis.....	3.984.840	1.494.125
Kaffikostnaður vegna skrifstofu.....	335.305	121.771
Annar skrifstokostnaður.....	60.360	0
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals</b>	<b>6.105.355</b>	<b>3.119.684</b>
<b>Stjórnsýsla og umsýsla</b>		
Endurskoðun og reikningskil.....	399.406	357.705
Endurskoðun og reikningskil v. fyrri ára.....	0	286.078
Opinber gjöld.....	0	12.771
Sérfræðikostnaður.....	331.278	4.764.825
Lögfræðikostnaður.....	834.894	0
Ferðakostnaður.....	56.926	0
Ráðstefnu- og námskeiðiskotnaður.....	588.877	70.501
Funda- og viðskiptakostnaður.....	724.432	282.218
Félags- og aðildargjöld.....	13.000	26.700
Gjafir og styrkir.....	90.000	0
Auglýsingar.....	1.116.787	669.634
Þjónustugjöld banka og Visa/Euro.....	215.016	191.897
Innheimtukostnaður.....	41.234	28.289
Starfsábyrgðartrygging.....	0	187.332
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur.....	107.644	229.765
Annar stjórnsýslu- og ummýslukostnaður.....	11.490	0
<b>Stjórnsýsla og umsýsla samtals</b>	<b>4.530.984</b>	<b>7.107.715</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>46.430.848</b>	<b>52.089.041</b>

# Skýringar

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur	2021	2020
Vaxtatekjur.....	462.146	496.442
<b>Fjármunatekjur samtals</b>	<b>462.146</b>	<b>496.442</b>
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Dráttarvextir.....	4.565	400.141
Fjármagnstekjuskattur.....	101.670	109.219
<b>Fjármagnsgjöld samtals</b>	<b>106.235</b>	<b>509.360</b>

## 9. Viðskiptakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptamenn.....	6.576.188	6.904.070
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	469.872	0
<b>Viðskiptakröfur samtals</b>	<b>7.046.060</b>	<b>6.904.070</b>

## 10. Handbært fé

	31.12.2021	31.12.2020
Bankainnistæður.....	263.016.709	204.617.265
<b>Handbært fé samtals</b>	<b>263.016.709</b>	<b>204.617.265</b>

## 11. Eigið fé

Stofnfé félagsins í árslok nemur 570.000 kr. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt skv. samþykktum félagsins.

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun 2020.....	570.000	50.218.300	50.788.300
Hagnaður ársins.....		4.012.093	4.012.093
Eigið fé í árslok 2020.....	570.000	54.230.393	54.800.393
Hagnaður ársins.....		20.578.444	20.578.444
Eigið fé í árslok 2021.....	570.000	74.808.837	75.378.837

## 12. Viðskiptaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Lánadrottinnar.....	2.183.252	47.123.517
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.183.252</b>	<b>47.123.517</b>

## 13. Ógreitt vegna félagsmanna

	31.12.2021	31.12.2020
Krafa félagsins vegna skulda félagsmanna á NPA samningum.....	(231.571)	(7.213.978)
Skuld félagsins vegna inneigna félagsmanna á NPA samningum.....	129.436.706	64.141.174
<b>Ógreitt vegna félagsmanna samtals</b>	<b>129.205.135</b>	<b>56.927.196</b>

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>14. Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Ógreidd laun.....	598.942	94.776
Ógreiddur lífeyrissjóður.....	16.791.140	12.505.653
Ógreidd sjóðagjöld.....	2.185.459	1.698.530
Ógreitt orlof.....	12.999.133	6.171.615
Ógreitt starfsmannasjóður.....	108.000	0
Ógreidd staðgreiðsla.....	23.448.470	24.835.748
Ógreitt tryggingagjald.....	6.707.695	7.363.907
Ógreiddir skattar utan staðgreiðslu.....	456.706	0
<b>Aðrar skammtímaskuldir samtals</b>	<b>63.295.545</b>	<b>52.670.229</b>

## 15. Upplýsingar um leigusamninga

Félagið hefur gert húsaleigusamning vegna starfsemi sinnar. Samningurinn gildir til 31. mars 2035. Félagið getur haldið áfram leigu eftir lok leigusamnings þess sem rennur út 31. mars 2035 með skriflegu samþykki leigusala. Samningsbundnar leigugreiðslur eru bundnir vísitölu neysluverðs. Í lok ársins 2021 nemur núvirt skuldbinding vegna leigusamninga 318,28 millj. kr. og hefur hún ekki verið færð til skuldar í efnahagsreikningi. Leigugreiðslur hafa verið færðar í rekstrarreikningi.

Áhrif leigugreiðslna í rekstrarreikning er á eftirfarandi liði:	2021	2020
Annar rekstrarkostnaður.....	46.430.848	51.865.138
	<u>46.430.848</u>	<u>51.865.138</u>

Áætlaðar núvirtar leigugreiðslur félagsins greinast þannig á næstu árum:

Leigugreiðslur 2022.....	28.369.493
Leigugreiðslur 2023.....	27.583.367
Leigugreiðslur 2024.....	26.819.025
Leigugreiðslur 2025.....	26.075.863
Leigugreiðslur 2026.....	25.353.294
Leigugreiðslur síðar.....	<u>184.078.452</u>
	<u>318.279.496</u>

## 16. Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu félagsins

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf á árinu 2021. Áhrif COVID-19 á efnahag, afkomu og sjóðstreymi félagsins voru þó óveruleg. Aðgerðir stjórnenda hafa jafnframt miðast að því að tryggja öryggi starfsmanna og notenda þjónustu félagsins ásamt því að tryggja rekstrarsamfellu þjónustunnar. Þær aðgerðir skiluðu sér og áhrif faraldursins voru mjög óveruleg fyrir félagið, notendur þess og starfsmenn.

Stjórnendur telja að ekki leiki neinn vafi á rekstrarhæfi félagsins við samþykkt ársreiknings og um fyrirsjáanlega framtíð.